

herbergið. Einnig ber að spyrja hana um það, hvort umrædd koma áfrýjanda í herbergi stefndu, er Kristín Sigurðardóttir var þar heima, hafi gerzt fyrr eða síðar en það, er vitnið og stefnda hittu áfrýjanda „niður í bæ“ og óku með honum í bifreið, eins og nánar segir í framburði vitnisins í réttarhaldi 14. febrúar þ. á.

Héraðsdómaranum ber að afla upplýsinga um framangreind atriði og önnur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til, svo fljótt sem verða má.

**Því úrskurðast:**

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um, að framhaldsrannsókn fari fram um framangreind atriði svo fljótt sem unnt er, og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til, að aflað sé.

---

Miðvikudaginn 16. marz 1938.

Nr. 146/1937. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Theodor B. Lindal)

gegn

**Andrésni Óskari Ingimundarsyni**

(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys.

**Dómur hæstaréttar.**

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, átti ákærði að sækja tvo brunaliðsmenn nóttina milli 21. og 22. nóv. 1936 og flytja þá á vettvang, þar sem eldur var

upp kominn, til aðstoðar við að slökkva eldinn. Skýrslu ákærða um ökuhraðann, er hann telur hafa verið um 40 kílómetra á klukkustund áður en hann tók beygju til hægri handar á veginum til að komast fram hjá manni þeim, er fyrir slysinu varð, verður að leggja til grundvallar, með því að engar aðrar upplýsingar eru til um það atriði. Ákærði mátti gera ráð fyrir því, að hann ætti að hraða ferðinni eftir föngum á brunastaðinn, og verður hann því ekki talinn hafa ekið óleyfilega hart á vegarspottanum, sem slysið varð á og er um 6 metra breiður, enda er enginn byggð við veginn þar á allöngu svæði, og umferð önnur en manns þess, er fyrir slysinu varð, engin þá, að því er telja verður. Verður ákærði því ekki í máli þess dæmdur fyrir of hraðan akstur út af fyrir sig.

Eftir skýrslu Björn Arnórssonar, er fyrir slysinu varð, og ákærða sjálfs gekk Björn á vinstra helmingi vegarins, þegar ákærði varð hans var. Og eftir skýrslu ákærða, sem leggja verður til grundvallar um tildrögin til slyssins, með því að aðrar upplýsingar þar um eru ekki fyrir hendi, byrjaði hann að víkja bifreið sinni til hægri handar á veginum nálægt 5 metrum frá Birni og hefði átt að geta komizt greiðlega fram hjá honum, ef Björn hefði haldið sömu stefnu sem ákærði kveður hann hafa haft, er hann tók fyrst eftir honum, í stað þess að beygja inn á veginn til hægri handar þvert í veg fyrir bifreiðina, eins og ákærði kveður hann hafa gert. Ákærði átti ekki að þurfa að gera ráð fyrir því, að Björn breytti þannig stefnu, heldur miklu fremur hinu, að hann viki til vinstri handar, ef hann breytti nokkuð stefnu á annað borð. Verður samkvæmt þessu ekki talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur

um refsiverða óvarkárnir um stjórn bifreiðar sinnar að þessu sinni, og verður hann því ekki dæmdur til refsingar sakir slyss þessa, er í máli þessu greinir.

Ber samkvæmt framanskráðu að sýkna ákærða af kærnum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmann ákærða í héraði, 65 krónur, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Það athugast, að lögreglan fór ekki þegar á slystaðinn, að því er séð verður, enda þótt svo hefði átt að vera, til þess að athuga ummerki á veginum eftir aksturinn og slysið og gera afstöðuuppdrátt af slystaðnum, eftir því sem unnt kynni að hafa verið.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andrés Óskar Ingimundarson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, 65 krónur, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningismannanna Theódórs B. Línal og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1937.**

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Andrésí Óskari Ingimundarsyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Ásvallagötu 51 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og 18. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. júlí 1915, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærurum og refsingum:

1935 2% Aðvörum fyrir afturljósleysi á bifreið.

1936 % Sætt 10 króna sekt fyrir of hraðan akstur.

1936 2% Sætt 200 króna sekt fyrir ólöglega áfengisölu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Aðfaranótt 22. nóvember s. l. var símað á Litlubílastöðina hér í bænum og beðið um að senda bifreið á Sjafnargötu 9 og taka þar slökkviliðsmann og annan á Leifsgötu 14. Fór ákærði í ferð þessa á bifreiðinni R 880, sem er 5 manna fólksflutningaleigubifreið, og ók slökkviliðsmönnum Halldóri Árnasyni og Þorleifi Valdimar Sigurbrandssyni áleiðis inn á Laugarnesveg, því að þar hafði verið eldur uppi.

Hefir ákærði borið, að slökkviliðsmennirnir hafi sagt sér, að þeir þyrftu að flýta sér, og hann þess vegna talið það skyldu sína að aka greitt. Hinsvegar hafa slökkviliðsmennirnir báðir borið, að þeir hafi ekki beðið ákærða að aka hraðara en ella, og verður sá framburður talinn réttur. En ákærða var ljóst, í hvaða erindum slökkviliðsmennirnir voru, og hefir það eitt að öllum líkindum verið honum hvöt til hraðs aksturs.

Ók nú ákærður skemmstu leið inn á Laugarnesveg, og þegar hann ók niður á þann veg, telur hann sig hafa ekið á ca. 40 km. hraða, miðað við klukkustund.

Þegar á þann veg kom, sá ákærði mann á gangi á undan bifreiðinni, og gekk sá á vinstri vegarbrún. Ætlaði nú ákærði að fara fram fyrir mann þennan í ca. 1 meters fjarlægð, og þegar hann átti eftir ca. 5 metra að mannum, kveðst hann hafa gefið stutt hljóðmerki og dregið úr hraða bifreiðarinnar.

Samtímis færði hinn fótgangandi maður sig til hliðar inn á veginn um ca. ½ meter, en gekk áður ca. 1—2

fet frá vegarbrún, og var þá kominn, frá ákærða séð, beint fyrir bifreiðina. Snarbeygði þá kærði til hægri og hemlaði bifreiðina, en um leið rakst hún á manninn þannig, að hann féll aftur fyrir sig á vinstra frambrettið og lenti með hnakkann á hlifinni, sem gengur fram af þakinu yfir framrúðuna, og hægra olnbogann í framrúðunni, og brotnaði hún um leið, en gluggahlifin daladist, en hún var ryðétin á köflum og því ekki eins sterk og í nýjum bifreiðum.

Við áreksturinn kastaðist maðurinn frá bifreiðinni, en ákærði rétti bifreiðina við á veginum og stöðvaði hana í ca. 7 metra fjarlægð frá þeim stað, er maðurinn lá. Frásögn þessi af árekstrinum er byggð á framburði ákærða, þar sem slökkviliðsmennirnir, sem báðir sátu aftur í bifreiðinni, tóku ekki eftir honum, svo að neitt sé á þeirra framburði byggjandi um það atriði, og maðurinn, sem fyrir slysinu varð, man ekkert um það atriði.

Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina, fór hann þegar, ásamt slökkviliðsmönnum, hinum til hjálpar. Reyndist maðurinn vera Björn Arnórsson verkamaður, Suðurgötu 32 B á Siglufirði.

Lá hann á bakið nærri þvert á veginum, og sneru fæturnir að götubrún vinstra megin. létu þeir hann upp í bifreiðina, og ók ákærði með hann á landsspítalann. Við röntgenmyndun daginn eftir kom í ljós, að vinstra viðbein hans var brotið, vinstra herðablað sprungið og fjögur rif vinstra megin brotin.

Ennfremur hafði hann fengið sár á höfuð og heilahristing (commotio cerebri), og var vinstri brjósthelmingur mjög sár viðkomu. Lá hann á landsspítalanum til 7. janúar s. l.

Voru beinbrotin þá gróin, en verkir voru í þeim. Var hann þá og með svima og höfuðþyngsli eftir heilahristinginn.

Eftir að hann fór af landsspítalanum var hann um skeið undir hendi Valtýs læknis Albertssonar, og hefir hann gefið vottorð um heilsu hans fram til 8. júní s. l. Var hann þá hvergi nærri jafngóður af meiðslunum, sérstaklega háði svimi honum og hindraðar hreyfingar í axla-lið, og hafði dregið allmjög mátt úr handlegg hans og hendi. Kvartaði Björn þá um slæman höfuðverk, drunga

yfir höfði, minnisleysi, sinnuleysi, eymsli í beinbrotsstöðunum og þrautir í kviðarkoli. Var hann þá óvinnufær. Telur læk'nirinn ekki unnt að svo stöddu að segja um varanleik þessara afleiðinga slyssins, en telur ekki sennilegt, að um verulegar breytingar til batnaðar geti verið að ræða. Þann 13. ágúst s. l. hefir Björn lýst yfir í rétti, að hann sé þá óvinnufær, vinstri hönd sé ófær til átaka og innvortis hafi hann sársauka, stundum svo, að hann hafi ekki viðþol, ennfremur bagi sig enn svimi.

Af þessu er ljóst, að Björn hefir hlotið mjög veruleg meiðsl við slysið, en þar sem enn er eigi víst, nema hann fái bata og hér er um gáleysisverk að ræða, verður verkn-aður ákærða ekki heimfærður undir 206. sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga, og verður því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Þá er að athuga, hvort ákærði hefir með akstri sínum gerzt brotlegur við ákvæði bifreiðalaganna. Í 2. mgr. 6. gr. bifreiðarlaganna er ákveðið, að í kaupstöðum megi ökuhraðinn aldrei vera yfir 25 km. á klukkustund og í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, að hann megi þar ekki vera yfir 18 km. á klukkustund. Með því að aka á 40 km. hraða hefir ákærði því brotið nefnda grein bifreiðalaganna. Það að slökkviliðsmenn voru í bifreiðinni á leið til starfs, verður eigi talið leysa ákærða frá því að hlíta gildandi ákvæðum um ökuhraðann, þó það hinsvegar sé nokkuð til afsökunar honum.

Áður en ákærði kom að Birni á veginum, kveðst hann hafa gefið hljóðmerki, en eftir því tóku slökkviliðsmennirnir ekki.

Þykir þó eftir öllum kringumstæðum verða að taka framburð ákærða trúanlegan um þetta atriði. Hann kveðst hafa ætlað að aka í 1 meters fjarlægð frá Birni, og hefði því, þó að Björn færði sig  $\frac{1}{2}$  meter inn á veginn, átt að komast fram hjá honum, en það tókst eigi. Verður að telja, að því hafi valdið að verulegu leyti ógætni Björns sjálfs, sem virðist enga athygli hafa veitt bifreiðinni, og svo hitt, að ákærði ók hratt og hefir ekki sýnt þá varúð, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum gagnvart öðrum vegfarendum undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru, og kemur í því sambandi til athugunar, að dimmt var af nóttu, vindur og rigning.

Verður ákærði því talinn hafa brotið 6. gr. 2. mgr. og 15. gr. laga nr. 70 8. september 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærði, Andrés Óskar Ingimundarson, greiði 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 21. marz 1938.

Nr. 9/1938. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Benjamín Ólafssyni**

(Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot. Sýkna.

**Dómur hæstaréttar.**

Í máli þessu hefir ekki, svo séð verði, farið fram rannsókn á áfengismagni hins heimabruggaða lagar, sem fannst í vörzlum kærða við húsrannsókn þá, sem getur í héraðsdóminum. Brestur þannig alla sönnun fyrir því, að í nefndum legi hafi verið meiri vinnandi en löglegt er. Verður þess vegna